



Sauðárkróki, 9. janúar 2020

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggingaráætlunar um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034, mál 434 og tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024, mál 435.

Síðari þingsályktunartillagan er fimm ára framkvæmdaáætlun í samgöngum en sú fyrri er langtímaáætlun í samgöngumálum.

Með lögum um samræmingu áætlana á sviði samgöngu, fjarskipta-, sveitarstjórnar- og byggðamála nr. 53/2018 sköpuðust möguleikar til að samþætta áætlanir á þessum sviðum þar sem þær ná allar til 15 ára með fimm ára aðgerðaáætlunum og að þær ber að endurskoða á þriggja ára fresti. Að auki er gert ráð fyrir samþættingu við aðrar áætlanir svo sem kerfisáætlun um uppbyggingu raforkudreifikerfis landsins og landsskipulagsstefnu og þó að tímabil þeirra áætlana séu önnur eru þetta langtímaáætlanir. Þessi nýbreytni gefur verulega möguleika til að móta framtíðarsýn og samhæfa innviðauppbyggingu í landinu.

Þingsályktanir um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019-2023 og langtímaáætlun fyrir árin 2019-2033 voru samþykktar á Alþingi á síðasta ári og samkvæmt því hefði endurskoðun átt að fara fram þremur árum síðar. Vegna breyttra áherslna í samgöngumálum var endurskoðun þeirra flýtt. Þar hefur m.a. verið tilgreind brýn þörf á samgöngubótum um allt land, heilstæð flugstefna og niðurgreiðsla flugfargjalda innanlands, sérstök jarðgangaáætlun, útfærsla samkomulags um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu og endurskoðun á fjármögnun ákveðinna samgönguframkvæmda í samstarfi við einkaaðila. Einnig má nefna að fækka á einbreiðum brúm og leggja bundið slitlag á 130 km af umferðarlitlum vegum.



Samræming áætlana samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins er ætlað til framtíðar að leiða til þess að þessar áætlanir verði samþættar í eina stefnu og aðgerðaáætlun. Byggðastofnun telur að með þessari stefnumörkun hafi vægi byggðamála verið aukið eins og raunar var sérstaklega tilgreint í greinargerð samgönguáætlunar sem samþykkt var á árinu 2019.

Auk þessa er jákvæð byggðaðróun eitt af undirmarkmiðum samgönguáætlunar og fjölmargar aðgerðir sem falla undir önnur undirmarkmið um greiðar, öruggar og hagkvæmar samgöngur hafa umtalsverð áhrif á byggðaðróun. Meðal aðgerða sem heyra undir jákvæða byggðaðróun er að stefnt skal að því að efla vinnu- og skólasóknarsvæði með því að gera samgöngur greiðari og hagkvæmari og að greindar verði leiðir til að efla hlut kvenna í siglingum og sjósókn. Einnig er talið mikilvægt að efla almenningssamgöngur og þar með talinn stuðningur við innanlandsflug með kostnaðarþátttöku ríkisins. Kannanir hafa sýnt að karlar og konur nota innanlandsflug með mismunandi hætti, karlar oftast í vinnutengdum erindum sem atvinnurekendur greiða oft fyrir en konur í félagslegum erindum sem eru greidd af notendum.

Ljóst er að allri þessari stefnumörkun er ætlað að móta aðgengi landsmanna að þjónustu og annarri starfsemi í landinu með það að markmiði að þegnar njóti meira jafnræðis en áður.

Í gildandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 eru tvær tillögur sem tengjast þessum aðgerðum. Það er annars vegar tillaga **A.10. Almenningsamgöngur um land allt** þar sem markmið er styðja við áframhaldandi þróun almenningsgangna um land allt.

Hins vegar er **A.11. Flug sem almenningsamgöngur** þar sem markmið er að innanlandsflug verði raunhæfur kostur fyrir íbúa landsbyggðarinnar. Samkvæmt tillögunni á starfshópur að móta reglur sem geri innanlandsflug að raunhæfum kosti fyrir íbúa með lögheimili á tilteknum svæðum. Styrkir verði veittir einstaklingum en ekki stofnunum eða fyrirtækjum og að m.a. mætti hafa „skosku leiðina“ svokölluðu til hliðsjónar. Byggðastofnun telur mikilvægt að vinnu við þessar tillögur verði flýtt svo sem kostur er.

Byggðastofnun tekur ekki afstöðu til þess hvernig einstakar framkvæmdir raðast innan áætlanatímabila og þar með til þeirrar röðunar sem fram kemur í tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024. Miðað við fagleg vinnubrögð sem einkenna samgönguáætlun í heild er það væntanlega gert með



hliðsjón af mikilvægi þeirra fimm undirmarkmiða sem lögð eru til grundvallar. Öruggar samgöngur vega áreiðanlega hvað þyngst þegar forgangsröðun er ákvörðuð, enda afleiðingar óöruggra samgangna án efa afdrifaríkastar í hugum flestra.

Fyrir hönd Byggðastofnunar

---

Aðalsteinn Þorsteinsson  
*forstjóri Byggðastofnunar*